

Tillaga til þingsályktunar

um útvarp frá Alþingi.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Birkir J. Jónsson, Jón Magnússon, Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson, Mördur Árnason, Siv Friðleifsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela forseta Alþingis að hefja undirbúning þess að útvarpa þingfundum beint um allt land á sérstakri útvarpsrás. Stefnt verði að því að útvarp frá Alþingi hefjist eigi síðar en þegar þing kemur saman haustið 2008.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var fyrst flutt á 131. löggjafarþingi og er nú endurflutt lítið breytt.

„Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.“ Þannig hljóðar 57. gr. stjórnarskrárinnar.

Aldrei frá setningu stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands hefur komið til þess að „utanþingsmönnum“ eða almenningi hafi verið vísað á dyr eða þingfundur haldinn fyrir luktum dyrum enda viðurkennt að hinir þjóðkjörnu fulltrúar fái umboð sitt frá þeim sama almenningi.

Þingfundum hefur verið sjónvarpað um dreifikerfi sjónvarps Ríkisútvarpsins um árabíl. Þessar sendingar hafa verið í beinni útsendingu meðan engin önnur dagskrá er í sjónvarpinu, en um leið og auglýstur dagskrártími hefst þá er lokað fyrir útsendingu frá Alþingi. Síðan er reynt að senda þann hluta fundanna síðar sem ekki fór út í beinni útsendingu, oftast snemma morguns daginn eftir. Þá hefur þingfundum einnig verið sjónvarpað beint um breiðbandskerfi Símans, á Digital-Ísland og fleiri gagnaveitum. Nú er einnig hægt að fylgjast með beinum útsendingum þingfunda á veraldarvefnum. Það heyrir því næstum sögunni til að almenningur geri sér ferð á þingpalla til að hlýða á það sem fram fer á þingfundi. Slíkt gerist þó ef á dagskrá eru mikil hitamál sem einstakir hópar í samfélaginu láta sig miklu skipta.

Ætla mætti að þessi fjölbreytta miðlun sem fólki stendur til boða væri nægjanleg. En svo er ekki því segja má að hún sé einungis aðgengileg takmörkuðum hópi. Ekki eru allir tengdir við veraldarvefinn með kraftmiklum tengingum og ekki hafa allir aðgang að breiðbandi eða öðrum gagnaveitum á ljósleiðaraneti. Vitað er að margt gamalt fólk sem dvelur heima hefur síður aðgang að netinu eða fjölbreyttum gagnaveitum fjarskiptafyrirtækjanna. Þá er enn fjöldi fólks sem stundar vinnu vítt og breitt um landið annars staðar en við tölvuskjá, en gæti notið útsendinga af þingfundum á hefðbundinni útvarpsrás.

Enginn vafi er á að beint útvarp frá þingfundum mundi gera stærstum hluta landsmanna kleift að fylgjast með. Útvarpstæki eru mjög víða og mun auðveldara er að fylgjast með útsendingum í hljóðvarpi en sjónvarpi á meðan öðrum verkefnum er sinnt. Það er því mat flutn-

ingsmanna að beinar útvarpssendingar frá Alþingi ættu að vera sjálfsagður hlutur í nútímalýðræðisþjóðfélagi, á öld upplýsinga og fjölmiðlunar. Þær væru og í anda fyrri málsliðar 57. gr. stjórnarskrárinnar um að fundir Alþingis skuli haldnir „í heyranda hljóði“.